

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir
Dags. 7. nóvember 2018
Mnr. 2017010043



ÍSAFJARÐARBÆR

Fyrstu skref í átt að bættara íbúalýðræði

Með vísan í málefнасamning Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ kjörtímabilið 2018-2022 er eitt af áhersluatriðum meirihluta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar að hverfisráð verði tengd betur við bæjarstjórn með því að:

- a) bæjarstjórn tilnefni bæjarfulltrúa sem tengilið við hverfisráð,
- b) bæjarstjórn/bæjarráð fundi með hverfisráðum,
- c) bæjarstjórnarfundir verði haldnir reglulega í minni byggðalögum og
- d) íbúafundir verði haldnir oftari um ákveðin málefni sem eru á döfinni.

Margar framangreindar tillögur er jafnframt að finna í tillögum til bæjarstjórnar sem settar voru fram í skýrslu nefndar um íbúalýðræði og virkari stjórnsýslu um íbúalýðræði sem kynnt var í bæjarráði 4. júní 2018 og bæjarstjórn 8. júní 2018. Tillögur til bæjarstjórnar voru eftirfarandi:

1. Lagt er til að bæjarstjórn ákveði hvernig farið verði með málefni íbúalýðræðis í stjórnsýslu Ísafjarðarbæjar.
2. Lagt er til að bæjarstjórn tilnefni bæjarfulltrúa sem tengiliði hverfisráða. Sem sjá þá um að fylgja eftir málefnum síns hverfis. Bæjarstjórn meti síðan reynsluna af þessu fyrirkomulagi að tveimur árum liðnum.
3. Lagt er til við bæjarstjórn að gerðar verði leiðbeiningar til nefndarmanna og embættismanna um hvað skuli koma fram þegar verið er að boða fundi með íbúum, m.t.t. þátttökustigans.¹
4. Lagt er til við bæjarstjórn að gerðar verði leiðbeiningar til nefndarmanna og embættismanna um að lagt sé mat á hvar þurfi að leita álits og með hvaða hætti, m.t.t. þátttökustigans.² Nefndin bendir sérstaklega á að mikilvægt sé að leita álits íbúa og hagsmunadila í skipulagsvinnu sveitarfélagsins.
5. Lagt er til við bæjarstjórn að bæjarmálasamþykktum verði breytt með þeim hætti að almennt skuli leitað álits hverfisráðanna í þeim málum sem metin eru mikilvæg fyrir bæjarfélagið eða hafi bein áhrif á íbúa byggðakjarnans. Hverfisráðum er þó ávallt heimilt að senda Ísafjarðarbæ umsagnir og tillögur um mál sem eru til umfjöllunar í sveitarfélaginu eða önnur þau mál er þau telja vera mikilvæg.
6. Lagt er til við bæjarstjórn að haldnir verði íbúafundir um tiltekin málefni sem talist geta mikilvæg í starfsemi sveitarfélagsins hverju sinni.
7. Lagt er til við bæjarstjórn að mótaðir séu ferlar þar sem hverfisráð og aðrir aðilar sem eru í samskiptum við bæinn geti fylgt eftir erindum sínum og séð hvernig þeim framvindur innan kerfisins.

¹ Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa. Samband íslenskra sveitarfélaga. Reykjavík 2017.

² Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa. Samband íslenskra sveitarfélaga. Reykjavík 2017.

8. Lagt er til að bæjarstjórn fundi með hverfisráði, ungmennaráði og öldungaráði a.m.k. einu sinni á ári. Einnig verði haldinn samráðsfundur bæjarstjórnar og formanna hverfisráða einu sinni á ári.

Enn fremur lagði Í-listinn á í stefnuskrá sinni að íbúalýðræði væri í stöðugri þróun, að efla skildi hlutverk hverfisráðanna og þróa starf þeirra. Lagt var til að hverfisráðin yrðu sýnileg á vefsíðu Ísafjarðarbæjar og þau gætu fylgst með erindum sínum og séð hvar þau væru stödd í stjórnkerfinu.

Hér að neðan eru tillögur að tveimur fyrstu skrefum bæjarstjórnar til að koma til að vinna að framangreindum tillögum og stefnum.

A. Tengiliðir hverfisráða

Í fyrsta lagi er lagt til að bæjarstjórn tilnefni bæjarfulltrúa sem tengiliði hverfisráða. Tengiliður hvers bæjarfulltrúa myndi sjá til þess að fylgja eftir málefnum síns hverfis.

Með þessu væri jafnframt verið að koma til móts við einhver þau atriða sem nefnd voru á málþinginu „Hvernig gerum við góðan bæ betri“ sem haldinn var 25. mars 2017. Meðal annars gæti meira traust skapast milli íbúa og bæjarstjórnar, að hverfisráðin verði meira ráðgefandi, samskipti milli hverfisráða og fulltrúa bæjarstjórna í fastari skorðum, fært verði meiri staðarþekking í bæjarráð, hverfisráðin með þessum hætti, upplýsingum komið beint á framfæri við bæjarfulltrúa o.s.frv.

Fjöldi hverfisráða í Ísafjarðarbæ eru sex:

- Hverfisráðið Íbúasamtökin Átak, Dýrafirði
- Hverfisráð Önundarfjarðar
- Hverfisráð Súgandafjarðar
- Hverfisráð Holta-, Tungu- og Seljalandshverfis
- Hverfisráð eyrar og efri bæjar
- Hverfisráði Íbúasamtökin Hnífsdal

Bæjarfulltrúar í bæjarstjórn eru níu talsins og því leggur undirrituð til annað af hvoru:

- a) Að aðeins verði sex fulltrúar í bæjarstjórn tengiliðir við hverfisráðin, þeir fulltrúar sem ekki verða tilnefndir tengiliðir verða varamenn tengiliðs tveggja hverfisráða.
- b) Að tveir tengiliðir verði við þau hverfisráð sem eru fjærst þeim stað sem flestir bæjarfulltrúar búa á, þ.e.a.s. hverfisráðanna í Dýrafirði, Önundarfirði og Súgandafirði. Passað verði að tengiliðir þeirra hverfisráða verði ekki úr sama flokk.

Undirrituð leggur til að henni verði falið að gera tillögu að viðmiðum sem skulu viðhöfð í samskiptum tengiliða og hverfisráðs.

B. Meðferð íbúalýðræðismála í stjórnslu Ísafjarðarbæjar

Lagt er til að bæjarráð fari með málefni íbúalýðræðis í sínum störfum. Gera þarf viðeigandi breytingar á 7. gr. erindisbréfs bæjarráðs. Undirrituð leggur til að við 7. gr. erindisbréfs bæjarráðs Ísafjarðarbæjar bætist eftirfarandi:

„Bæjarráð fer með íbúalýðræðismál sveitarfélagsins. Bæjarráð skal vinna að því að gera stjórnslu sveitarfélagsins opnari og virkari, m.a. með því að auka íbúalýðræði í sveitarfélaginu og hafa samráð við hverfisráð og íbúa.“

Þórdís Sif Sigurðardóttir,
bæjarritari